

## Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar 3. maí 2017

Fundurinn var haldin í skólahúsnæðinu við Norðurgötu, Siglufirði, kl. 20. Mættar voru Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Telma Björk Birkisdóttir, gjaldkeri, Katrín Freysdóttir, ritari, Björk Óladóttir, Vilborg Rut Viðarsdóttir og Guðrún Þorvaldsdóttir, meðstjórnendur, ásamt skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og foreldrum.

1. Fram fór kosning fundarstjóra og fundarritara. Kosnar voru Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri, sem fundarstjóri og Katrín Freysdóttir, sem fundarritari.
2. Formaður las skýrslu stjórnar starfsárið 2016/2017. Formaður benti á að erfiðlega hefði gengið að innheimta félagsgjöld þetta starfsár og stefnt væri á að gera breytingu á innheimtu. Þá kom fram ánægja foreldra með þá hugmynd stjórnar að stjórnin tæki að sér að skipuleggja jólaföndrið með það að leiðarljósi að hafa það einfalt og þægilegt, til að auka á gæði þessara stunda hjá foreldrum og börnum. Þá varð umræða um fyrirhugaða gjöf foreldrafélagsins til skólans, þ.e. hver hún yrði og að það þyrfti að skilgreina styrki/gjafir til skólans.
3. Formaður fór yfir reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
4. Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna. Vilborg Rut Viðarsdóttir hefur ákveðið að hætta í stjórn foreldrafélagsins. Í hennar stað kemur Katrín Sif Andersen. Aðrir stjórnarmeðlimi gáfu áfram kost á sér til stjórnarsetu. Hugborg Inga Harðardóttir gaf kost á sér til formanns, Telma Björk Birkisdóttir gaf kost á sér til gjaldkera og Katrín Freysdóttir, gaf kost á sér til ritara. Var þetta samþykkt.
5. Sigurlaug Guðnadóttir og Guðrún Sif Guðbrandsdóttir voru kosnar skoðunarmenn reikninga.
6. Lesin var skýrsla fulltrúa foreldrafélagsins, Katrínar Freysdóttur, í skólaráði.
7. Samkvæmt starfsreglum félagsins má fulltrúi foreldrafélagsins, ekki sitja lengur en tvö ár samfleytt í skólaráði. Því var kosinn nýr fulltrúi og var Katrín Sif Andersen, kosin til að sitja í skólaráði fyrir hönd félagsins.
8. Önnur mál. Jón Garðar Steingrímsson benti á að finna þyrfti leiðir til að virkja foreldra betur í þátttöku á fundum og fyrirlesturum. Kom fram sú hugmynd að biðja fólk að svara í tölvupósti, hver það verði sem mæti fyrir viðkomandi barn. Síðan yrði hringt í þá foreldra sem ekki hafa boðað komu sína. Þá kom einnig upp sú hugmynd að bjóða upp á barnapössun og hafa jafnvel súpu og brauð. Rætt var um hvert yrði framhald fundar foreldrafélagsins, 26. apríl, vegna fræðslustefnu og aðgerðaráætlunar Fjallabyggðar. Stjórnin gerði grein fyrir því hvert framhaldið yrði að þeirra hálfu og sköpuðust góðar umræður. Bent var á að fá jafnvel íþróttamann, einhvern sem börnin líta upp til, til að koma með fyrirlestur og hvetja til heilbrigðs lífennis. Hugmynd kom um að halda sölukvöld þar sem nemendur yngsta- og miðstigs myndu selja eitthvað sem þau hafa fönðrað, bakað eða útbúið og myndi ágóði renna til góðs málefnis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55

Katrín Freysdóttir, ritari